

Einfaldleikinn bestur í búskapnum

● Mektarbú í Stórumörk undir Eyjafjöllum ● Nyttin er góð og munurinn mikill ● Skekkja í afkomunni sem þarf að leiðrétta ● Loftslagsvænn búskapur ● Nauðsyn að fá norskt kúakyn til Íslands

Sigurður Bogi Sævarsson
sbs@mbl.is

Vinnusemi og vanafesta eru mikilvægir þættir svo búskapur gangi sem best. Þetta segja Aðalbjörg Rún Ásgeirsdóttir og Eyvindur Ágústsson, bændur í Stórumörk undir Eyjafjöllum, sem fengu *Landbúnaðarverðlaunin 2024* sem matvælaráðherra afhenti á Búnaðarþingi á dögunum. Viðurkenningu þessa hlutu bændurnir fyrir framúrskarandi árangur við innleiðingu loftslagsvænna búskaparhátta. Þess utan eru kýrnar í Stórumörk einstaklega nytháar, svo eftirtekt hefur vakið. Eigi að síðustu segja þau Merkurbændur að gera þurfi betur og mikilvægt sé að fá nýtt afurðagott kúakyn til landsins. Þar megi í raun engan tíma missa afkomunnar vegna.

Snemma vorar undir Eyjafjöllum

Stórumörk er undir Vestur-Eyjafjöllum. Leiðin þangað er sú, að þegar komið yfir Markarfljótsbrú úr vestri er beygt til vinstri og svo ekið áleiðis inn í Þórsmörk. Þá er brátt komið að Stórumörk; jarðirnar þar eru nokkrar og byggingar á staðnum mynda í raun lítið þorp. Hér er hefð fyrir myndarlegum búskap og Aðalbjörg Ásgeirsdóttir er fimmtí ættliðurinn sem situr jörðina Stórumörk III.

Þau Aðalbjörg og Eyvindur, sem er upprunninn í Holtunum í Rangárþingi ytra, komu inn í búskap í Stórumörk árið 2010. Tóku alfarið við fyrir ári af foreldrum Aðalbjargar, þeim Ásgeiri Árnasyni og Rögnu Aðalbjörnsdóttur. Jafnframt keyptu þau þá jörðina Stórumörk I og tóku við öllum búpeningi þar og framleiðslurétti. Samkvæmt pappírnum búa þau á báðum jörðum, en búreksturinn er allur í Stórumörk III, þar sem í fjósi eru um 130 kýr og afurðirnar ein milljón mjólkurlíttra á ári. Útihúsin á bænum eru öll hin bestu og skilyrði til búrekstrar sömuleiðis. Þekkt er sömuleiðis að hvergi á landinu vorar fyrr en



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Sveitafólk „Stillum dæminu þannig upp að tekjur fyrir afurðir skili eðlilegri framlegð og okkur tveimur þökkalegum launum. Þetta er fjölskyldubú,“ segir Aðalbjörg hér í viðtalinu. Hér eru þau Eyvindur saman í fjósinu, en verkin þar eru samvinna þeirra tveggja og ekkert er gefið eftir við mjaltir og gegningar.

undir Eyjafjöllum. Fyrsta slátt þar hafa bændur gjarnan tekið áður en maímánuður er úti.

Gengið að öllu vísu

„Að ganga að öllu vísu og hafa verkin alltaf í svipuðu fari skilar hagræði. Nákvæmni í vinnu er þýðingarmikil og þannig má forðast mistök, sem vissulega geta þó verið lærdómsrík,“ segir Eyvindur. Þau Aðalbjörg ganga til útiverka í fjósinu klukkan átta á morgnana. Líta þá

eftir kúnum sem sjálfar ganga eftir þörfum að róbot, sem við mjaltir les af hverri nákvæmar upplýsingar um heilsu hennar og stöðu. Þau gögn fara svo í tölvu sem bændurnir lesa af og sjá hvort inngripa sé þörf.

„Allar áherslur í búskapnum hér reynum við að hafa einfaldar. Stillum dæminu þannig upp að tekjur fyrir afurðir skili eðlilegri framlegð og okkur tveimur þökkalegum launum. Þetta er fjölskyldubú og óhjákvæmilegt er að slíkar einingar stækki. Litlu búin standa ekki undir sér,“ segir Aðalbjörg. Hún bendir í því sambandi á nýlega útreikninga Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins sem sýni að meðgjöf bænda með hverjum mjólkurlíttra sem fer í afurðastöð sé 19 krónur. Veigamikill þáttur í því sambandi sé sú mikla vinna sem liggur að baki búrekstrinum, án þess að eðlilegar tekjur komi þar á móti.

„Bændur leiðrétta þessa skekkju í afkomunni með því að bæta við sig vinnu, oft utan bú og heimilis. Slíkt heldur í raun búskapnum uppi mjög víða, sem auðvitað gengur ekki til lengdar. Á þessu þarf endurskoðun og nýja nálgun. Mikið vinnuálag leiðir svo af sér að andleg heilsa fólks getur gefið eftir svo þetta verður í raun víthringur,“ segir Eyvindur.

Til róttækrar skoðunar

Ársnyt hvernar kýr á Merkurbúinu er 8.903 lítrar að jafnaði borið saman við landsmeðaltalið sem er

6.400 lítrar. Munurinn þarna er tæplega 30%. Og formúlan að þessu er einföld segja Aðalbjörg og Eyvindur; gott gróffóður sem er hey úr rúlluböggum og svo kjarnfóðurgjöf. „Engar æfingar,“ segir Aðalbjörg um búskap og heyöflun af tünnum sem eru 130 hektarar. Þau hafa á síðustu árum mörg verið unnin upp og endurræktuð og þar sáð rauð- og hvítmára. Þetta eru belgjurtir sem framleiða áburðargefandi köfnunarefni sem munar um. Með slíku þarf síður og stundum ekki að nota tilbúinn áburð á túnin, sem er loftslagsvænt. Gott skipulag á heyrverkun í rúllur þýðir líka minni notkun á olíu og plasti og meiri nyt á hverja kú kemur inn plúsmegin í loftslagsbókhaldinu. Hvað vinnur með öðru og útkoman er góð.

„Ég tel mjög nauðsynlegt að nú verði tekið til róttækrar skoðunar að fá nýtt kúakyn í íslenskan landbúnað. Íslenska kýrin skilar ekki nándar nærri sömu nyt og gerist til dæmis í Noregi. Þangað eigum við að horfa. Norskar kýr mjólka um 40% meira en íslenskar og kjötafurðirnar eru 50% meiri. Hafa verður í huga að 80% af innlendri nautakjöttframleiðslu hérlandis eru af mjólkurkúum,“ segir Aðalbjörg. „Til lengdar gengur ekki að bændur þurfi endalaust að ganga á höfuðstólinn til að lifa af og þó er útkoman eitt hæsta verð mjólkurvara í heimi. Slíkt er ekki hægt að bjóða neytendum til lengdar; innflutningur hlýtur þá að koma til ella gefa

tollmúrar eftir. Vandséð er að ríkið muni mæta þessari stöðu kúabænda með hækkun beingreiðslna til mjólkurframleiðslu. Raunar eigum við bændur orðið fullt í fangi með að framleiða magnið sem búvörusamningar segja til um.“

Tillaga felld við aðrar aðstæður

Á fundi deildar nautgripabænda innan Bændasamtaka Íslands var á dögunum samþykkt tillaga Aðalbjargar um að tekið verði til skoðunar að kanna áhuga mjólkurframleiðenda á að taka til skoðunar innflutning á erfðaeftni í íslenskar mjólkurkúr til Íslands. Endurbæta þannig íslenska kúastofninn. Bent er á að norsku kýrnar séu sýnu afurðahærr en þær íslensku. Einmitt í því liggir hundurinn grafinn, eins og máltækið segir: Engin fórn felist heldur í því að taka kýr af norskum stofni til mjólkurframleiðslu á Íslandi, samanber að holdanaut hér séu af nokkrum stofnum. Reynslan af því sé með ágætum.

„Bændur virðast sumir brenndir af umræðu sem tekin var í kringum aldamót í aðdraganda þess að kosið var um innflutning á norsku kúakyni til landsins. Þar var tillaga um slíkt felld, það er við allt aðrar aðstæður en nú eru uppi og af annarri kynslóð en nú er mest áberandi í bændastétt. Við þurfum nýtt kúakyn, sem vonandi verður á næstu árum,“ segir Aðalbjörg í Stórumörk að síðustu.



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Suðurland Stórumörk er undir Eyjafjöllum, nærri leiðinni inn í Þórsmörk. Hér er staðarlegt heim að líta.



Neikvæð umhverfisáhrif óheimil

● Skeiða- og Gnúpverjahreppur boðar breytingu á aðalskipulagi þar sem mörkuð er stefna um áhrifa-
svæði Búrfellslundar í sveitarfélaginu ● Fordæmisgefandi fyrir uppbyggingu vindorku segir sveitarstjóri

Guðmundur Sv. Hermannsson
gummi@mb.l.is

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefur samþykkt samhljóða skipulagslýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. Með breytingunni verður mörkuð stefna um áhrifasvæði fyrirhugaðs Búrfellslundar innan Skeiða- og Gnúpverjahrepps og sett inn nýtt affreyngar- og ferðamannasvæði austan við Sultartangastöð og skammt vestan Þjorsár.

Segir í lýsingunni, að sveitarfélagið meti stefnu gildandi aðalskipulags þannig að hún komi ekki í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif innan sveitarfélagsins sem verða vegna framkvæmda eða landnotkunar í nágrannasveitarfélögum. Því sé þörf á breytingarstefnu. Stefna vegna áhrifasvæðis Búrfellslundar verði á þá leið að öll neikvæð umhverfisáhrif, sem kunní að verða vegna fyrirhugaðs Búrfellslundar og geti skert möguleika til landnýtingar innan Skeiða- og Gnúpverjahrepps séu óheimil innan marka sveitarfélagsins.

Þetta eigi til dæmis við um skuggavarp frá vindmyllum, ískast vegna ísingar á spöðum, skerðingu á víðernum, sýnileika og ásýnd vindmylla ásamt hljóðvíst.

Setja takmarkanir

Haraldur Þór Jónsson, oddviti og sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps, segir Búrfellslund hafa verið undirbúinn í 10 ár og skýrt komið fram bæði í mati á umhverfisáhrifum og mati Umhverfisstofnunar, að framkvæmd þessa lundar sé bæði í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Rangárþingi ytra. „Samt túlka menn það þannig að mannvirkin sem þarf að reisa séu einungis í Rangárþingi ytra og því þurfi ekki að sækja um leyfi fyrir framkvæmdinni hér. Við erum ósammála því og förum í fyrra fram á frestun á innleiðingu á skipulaginu,“ segir Haraldur.

Hann segir að ekkert samráð hafi síðan verið haft við Skeiða- og Gnúpverjahrepp og ekki verið sóst eftir því við sveitarfélagið að setja Búrfellslund inn á skipulag þar. „Að mörgu



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Vindmyllur Tilraunavindmyllur Landsvirkjunar við Búrfell.

leyti lítum við á þetta eins og virkjun, t.d. Urriðafossvirkjun, þar sem öll mannvirkin eru ekki í Skeiða- og Gnúpverjahreppi en uppistöðulónið fer í hreppinn. Þar af leiðandi þarf að setja virkjunina inn á skipulag hjá okkur. Við teljum að á sama hátt þurfi Landsvirkjun að sækja um að koma vindmyllunum inn á okkar skipulag.“

Haraldur segir, að það sé alveg á hreinu að áhrifasvæði vindlundarins sé í báðum sveitarfélögum. „Við teljum mikilvægt að fá úr því skorið hvort það megi reisa vindorkugarða á mörkum sveitarfélaga án samþykkis hins sveitarfélagsins. Við teljum raunar, að sá Búrfellslundur, sem var samþykktur í rammaáætlun, sé í báðum sveitarfélögum. Ef hann er það ekki þá er okkur heimilt að skipuleggja hvað sem er í okkar sveitarfélagi og við erum þarna að setja þær takmarkanir gagnvart Búrfellslundi sem þurfa að eiga sér stað við byggingu hans.“

Allt í kross

Haraldur segir, að nú sé til afgreiðslu hjá Skipulagsstofnun skipulagsbreyting í Rangárþingi ytra vegna lundarins. „Og við teljum að það sé erfitt fyrir Skipulagsstofnun að samþykkja þá skipulagsbreytingu þegar við erum að setja takmarkanir á þá framkvæmd sem sannarlega er í báðum sveitarfélögum. Að sama skapi teljum við, að sá Búrfellslundur, sem heimilaður var í rammaáætlun, sé

ekki sami Búrfellslundur lengur af því að það er ekki sótt um hann í skipulagi hjá okkur. Þá er þetta nýr vindorkugarður, þá er hann ekki í nýtingarflokki rammaáætlunar og þá hefur Orkustofnun ekki heimild til að gefa út virkjunarleyfi. Telji Skipulagsstofnun að Rangárþing ytra megi heimila Búrfellslund og Orkustofnun megi gefa út virkjunarleyfi þá verður erfitt fyrir stofnunina að segja við okkur: Þið megið ekki skipuleggja ferðafjónustusvæði því það er á helgunarsvæði vindmyllanna sem nær yfir sveitarfélagamörkin. Þetta er allt í kross og það er okkar mat að þetta sé fordæmisgefandi varðandi uppbyggingu á vindorku. Að það sé ekki hægt að skipuleggja þetta á sveitarfélagamörkum gegn vilja annars sveitarfélagsins.“

Í skipulagslýsingunni, sem sveitarfélagið samþykkti, kemur fram að heimilt verði á affreyngar- og ferðamannasvæði að vera með skálasvæði, áningarstað, gistingu og veitingar í tengslum við útivist. Gert sé ráð fyrir að starfsemi verði rekin allt árið. Stærð svæðis sé um 2 hektarar.

20 HÉTTA

Breytingar á lögum tryggja framfarstu

70 ára afmæli

70 ára afmæli

70 ára afmæli

BAUHAUS

OPPLUKTÍÐIN

184.995,-

30.995,-

108.995,-

114.995,-

Morgunblaðið, 18.04.2024, síðu 20.
grein stærð: 234.62 sm²
grein hæð: 22.73 sm



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Hvolsvöllur Íbúatalan þar nú stendur í tæplega 1.100 manns, skv. Hagstofu.

Ræðst er nú við í Rangárvallasýslu

● Sameining sveitarfélaga í skoðun

Hreppsnefnd Ásahrepps hefur óskað eftir óformlegum viðræðum um mögulega sameiningu við önnur sveitarfélög í Rangárvallasýslu, það er Rangárþing eystra og Rangárþing ytra. Fulltrúar þessara sveitarfélaga hafa hist á einum fundi þar sem skoðanir voru settar fram og ýmsar sviðsmyndir ræddar.



Eggert Valur Guðmundsson

„Fundurinn skiladi því að ekkert var útilokað og sveitarstjórnir í Rangárvallasýslu tilbúnar til frekari viðræðna varðandi sameiningarmál,“ segir Anton Kári Halldórsson, sveitarstjóri Rangárþings eystra, í pistli á vef sveitarfélagsins.

Jafnhliða kosningum til Alþingis haustið 2021 voru greidd atkvæði um tillögu um sameiningu sveitarfélaga á austanverðu Suðurlandi. Sú var öllu víðtækari en núverandi hugmyndir. Þá var undir að sameina öll sveitarfélög milli Þjórsár og Lómagnúps; þau þrjú í Rangárvallasýslu sem fyrr eru nefnd svo og Mýrdal og Skaftárhrepp. Sú tillaga var hins vegar felld afgerandi af íbúum í Ásahreppi, þaðan sem frumkvæðið í sameiningarmálum kemur nú.

Í kjölfar atkvæðagreiðslunnar haustið 2021 var kannað í Rangárþingi eystra hvert viðhorf fólks þar til sameiningarmála almennt væri.

Sú könnun leiddi í ljós að um 2/3 aðspurðra vildu sameina sveitarfélögin í Rangárvallasýslu.

Í Ásahreppi hefur verið boðað til íbúafundar þar sem sameiningarmál verða rædd. Sá fundur verður á Laugalandi í Holtum næstkomandi mánudag, 22. apríl, kl. 17.

Rangæingar nú 4.167

„Ásahreppur á næsta leik; væntanlega skýrist á íbúafundinum þar hvaða útfærsla á sameiningu verður tekin fyrir. Hins vegar verður að segjast að í sveitarstjórnnum hér í sýslunni eru allir opnir fyrir öllu. Verði svo eftir undirbúningsvinnu sett fram tillaga um sameiningu þarf að vinna málið þannig að um hana verði greidd atkvæði á næsta ári. Verði tillagan samþykkt yrði svo kosið til sveitarstjórnar í sameinuðu sveitarfélagi vorið 2026,“ segir Eggert Valur Guðmundsson, oddviti Rangárþings ytra.

Sameinuð Rangárvallasýsla yrði afar víðfeðmt sveitarfélag, sem ná myndi frá sjó og inn á reginfjöll miðhálandisins. Íbúar í Áshreppi, sem liggur að Þjórsá í vestri, eru í dag 293. Í Rangárþingi ytra, þar sem Hella er þéttbýlið, búa í dag 1.867 manns og í Rangárþingi eystra, sem spannar svæðið milli Eystri-Rangár og Jökulsár á Sólheimasandi, eru íbúarnir 2.007. Summa þessa er 4.167, skv. tölum Hagstofu. Flestir eru íbúarnir á Hvolsvelli; tæplega 1.100. Á Hellu eru þeir um hundraðinu færri. sbs@mbl.is

Morgunblaðið, 09.05.2024, síðu 6.
grein stærð: 347.56 sm²
grein hæð: 13.43 sm



Hyggst tífalda stærð hótelsins

● Malasíski athafnamaðurinn Loo Eng Wah hefur keypt Hótel Vos í Þykkvabæ ● Stór áform um uppbyggingu ● Skipulagðar norðurljósaferðir ● Allt stopp á Leyni ● Skilaði tveimur lóðum á Hellu

Höskuldur Daði Magnússon
hdm@mbl.is

„Ég held að menn séu áhugasamir um að skoða hvort þarna séu tækifæri til að gera meira. Við teljum klárlega að Vos geti vaxið,“ segir Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri í Rangárþingi ytra.

Malasíski kaupslumaðurinn Loo Eng Wah hefur fest kaup á Hótel Vos í Þykkvabæ og hefur tekið við rekstri þess. Hótelíð hefur verið í rekstri síðan árið 2017 og greiddi félag í eigu Loos 260 milljónir króna fyrir það. Þar af var yfirtaka á skuldum upp á 90 milljónir, að því er fram kom á vef Viðskiptablaðsins á dögnum.



Loo Eng Wah

Loo hefur stór áform um uppbyggingu á svæðinu sem er við bæinn Norður-Nýjabæ. Áformin eru svo stórtæk að þau kalla á nýtt deiliskipulag og breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Hótelíð er núna rúmir 600 fermetrar að stærð og þar rúmast 55 gestir í 18 herbergjum. Loo stefnir á allt að 5.000 fermetra stækkun á núverandi hótélbyggingum á allt að þremur hæðum. Smíðaverkstæði á staðnum



Uppbygging Hótel Vos hefur verið rekið við góðan orðstír frá 2017. Loo Eng Wah hyggst stækka hótelið mikið á næstu árum og auka umsvif þess. Hótelíð er núna rúmir 600 fermetrar.

verði stækkað í allt að 1.500 fermetra. Þá verði starfsfólki heimiluð föst búseta á svæðinu í allt að 12 litlum íbúðum í rað- og parhúsum. Jafnframt

er gert ráð fyrir nýju íbúðarsvæði með allt að þremur íbúðarhúsalóðum. Séraðkoma verði að hverri lóð.

Gestum verður ekki í kot vísað. Fyrir er glæsi- legur veitingastaður og Loo hyggst auk þess bjóða upp á afþreyingu á svæðinu, til að mynda fjöruferðir, útsýnis- og norðurljósaferðir. Gerðir verða göngustígar með útsýnistöðum.

Opnar veitingastað á Hellu

Morgunblaðið hefur fjallað ítarlega um uppbyggingaráform Loos í Rangárþingi ytra síðustu fimm árin. Stórtæk uppbygging hans að Leyni 2 og 3 í Landsveit hefur verið afar umdeild og mætt andstöðu nágretta en þar hugðist hann reisa allt að 200 fermetra þjónustuhús fyrir tjaldsvæði, allt að 800 fermetra byggingu fyrir veitingastað, verslun, móttöku og fleira og allt að 45 gestahús á einni hæð, sum þeirra 60 fermetra að stærð og kúluhús við hvert og eitt. Ekkert hefur þokast í uppbyggingu þar síðasta árið eftir að endanlega varð ljóst að framkvæmdir Loos þurfa að fara í umhverfismat eigi þær að halda áfram.

Þá hefur hann fengið úthlutaðar þrjár lóðir á Hellu. Jón sveitarstjóri segir við Morgunblaðið að Loo hafi nú skilað tveimur lóðanna en stefni enn á framkvæmdir á þeirri þriðju. Sú er við bensinstöð Orkunnar. Hyggst Loo byggja þar veitingastað en eftir á að klára eignaskiptasamning milli hans og Orkunnar. „Þetta er í skipulagsfasa,“ segir sveitarstjórinn.



Baldur Þórhalls- son á Bessastaði

Í komandi forseta-
kosningum gefst okkur
landsmönnum færi
á því að velja okkur
næsta forseta. Það er
vandasamt verk og
betra að kasta ekki til
höndunum. Ég hef gert
upp minn hug og mun
með stolti og ánægju
kjósa Baldur Þórhalls-
son.

Fyrir mér er Baldur
sá einstaklingur sem ég
treysti best til að sinna
embætti forseta Íslands af þeim sem
gefið hafa kost á sér, þótt margir
aðrir séu vel hæfir í það.

Ég hef þekkt Baldur alla mína ævi.
Hann þekkir vel stjórnskipan lands-
ins sem doktor í stjórnmálafræði,
hefur yfirburðaþekkingu á mál-
efnum smáríkja eins og Íslands,
hann er mannlegur, vel máli farinn,
greindur og skynsamur. Mér hugn-
ast afar vel þær áherslur sem hann
hefur sett á oddinn.

Ég er ánægður með að hann
komi hreint fram varðandi það
hvernig hann og eiginmaður hans
Felix Bergsson sjá hlutverk sitt
sem forsetahjón á Bessastöðum.
Staðreyndin er sú að makar forseta
Íslands hafa hlutverki að gegna þó
það sé bara einn forseti.

Baldur hefur haft uppi skynsam-
lega nálgun í öryggis- og varnar-
málum og málefnum norðurslóða
þegar hann hefur verið fenginn sem
álitsgjafi og þótt það sé hlutverk
ríkisstjórnar og Alþingis að móta
stefnu í utanríkismálum skiptir máli
að forsetinn geti fylgt henni vel eftir
með trúverðugum hætti á alþjóða-
vettvangi.

Baldur talar skýrt og af skynsemi
fyrir því hvernig hann vilji haga
hlutverki forseta gagnvart Alþingi.
Hann ætlar að vera öryggisventill
gagnvart lagasetningu sem myndi
skerða verulega t.d. tjáningarfrelsi
eða mannréttindi og vísa slíkum
málum til þjóðarinnar. Það er líkt
og margt annað í framboði Baldurs
til fyrirmyndar – að talað sé skýrt
um hlutina og hvar mörkin liggja.
Þingræðið sé virt, enda einn af horn-
steinum í stjórnskipan landsins,
en þjóðinni lofað að gætt verði að
hagsmunum hennar í grundvallar-
málum.

Baldur og Felix hafa sagst vilja
leggja áherslu á málefni barna og



Ingvar P. Guðbjörnsson

þeirra í samfélaginu
sem höllum fæti standa.
Það er sannarlega
full þörf á því í dag að
leggja meiri áherslu á
málefni barna í íslensku
samfélagi, ekki síst
menntun og vellíðan
þeirra. Það er margt
í dag sem er stórt
áhyggjuefni s.s. að allt
of stór hluti barna út-
skrifast úr grunnskóla
illa læs. Það og margt

» Ég skora á kjósend-
ur að brjóta blað í
heimssögunni og fylgja
Baldri og hans áhersl-
um alla leið á Bessa-
staði með atkvæði sínu
1. júní næstkomandi.

annað bendir til að vanlíðan barna
og ungmenna sé sívaxandi áhyggju-
efni. Stórátak þarf í málefnum
barna svo tryggja megi að börn á
Íslandi séu sem best búin undir lífið
og öll þau tækifæri sem það hefur
upp á að bjóða. Þá er mikilvægt
að hugað sé betur að jaðarhópum
og þeim sem á er hallað í samfé-
laginu. Forseti getur gert margt er
varðar málefni sem eru hafin yfir
dægurþras stjórnmálanna og varða
framtið þjóðarinnar.

Íslenska þjóðin hefur áður brotið
blað í heimssögunni með kjöri frú
Vigdísar Finnbogadóttur. Nú gefst
Íslendingum tækifæri til að kjósa
fyrsta þjóðkjörna samkynhneigða
forseta veraldar. Þar fyrir utan yrði
Baldur góður kostur og fullkomlega
hæfur til að gegna embættinu óháð
kynhneigð. Ég trúi því að þjóðinni sé
alvara með að hér ríki fullt jafnrétti
og að fólki sé treyst án tillits til kyn-
hneigðar. Við fáum bara eitt atkvæði
hvert og það er á ábyrgð hvers og
eins okkar að nýta það af skynsemi.

Ég skora á kjósendur að brjóta
blað í heimssögunni og fylgja
Baldri og hans áherslum alla leið á
Bessastaði með atkvæði sínu 1. júní
næstkomandi. Þvílík gæfa sem það
yrði fyrir okkur öll.

Höfundur er upplýsingafulltrúi og
sveitarstjórnarmaður í Rangárþingi
ytra.



Greina myrkurgæði til að fjölga túristum

● Sjá mikil tækifæri í myrkrinu ● Bætt lífskjör og sparnaður

Höskuldur Daði Magnússon
hdm@mbl.is

„Við vonumst til að þetta muni bæta samkeppnisforskot okkar gagnvart öðrum svæðum,“ segir Bárður Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri Lava Center. Bárður hefur ásamt öðrum ferðaþjónustuaðilum í Rangárþingi fundað með sveitarstjórnnum þar um aðgerðir sem eiga að efla vetrarferðaþjónustu á svæðinu til framtíðar. Hugmyndir eru á lofti um að láta greina myrkurgæði í Rangárþingi og fá alþjóðlega vottun sem nýst gæti til markaðssetningar. Lagt er upp með að þessi vinna geti einnig bætt lífskjör íbúa og stuðlað að hagræðingu í rekstri sveitarfélaganna.

Bárður segir að mikil tækifæri séu til að fá fleiri ferðamenn til að gista í Rangárþingi. „Það eru gríðarlega margar ferðir skipulagðar frá Reykjavík. Við höfum séð að fólk er að ferðast um Suðurland en brunar svo í bæinn til að fara í norðurljósaferð þáan. Það er auðvitað galið, hvort sem horft er til umhverfissjónarmiða, tíma eða upplifunar. Betra væri auðvitað að vera á hóteli hér og stíga út þegar rétta stundin rennur upp, eins og gert hefur verið á Hótel Rangá um langt skeið.“

Umræddir ferðaþjónustuaðilar hafa sent Rangárþingi ytra og Rangárþingi eystra erindi þar sem óskað er eftir því að vinna við þetta hefjist formlega. Greina á myrkurgæði og huga að gerð ljósgæðastefnu. Segir Bárður að ef þessi áform verði að veruleika verði hægt að sækjast eftir svokölluðu Dark Sky Certificate, vottun sem óhagnaðadrifin samtök um að auka myrkurgæði í heiminum veita.

Mikil tækifæri í myrkrinu

Bárður bendir á að aukin stýring birtu geti bætt svefn fólks auk þess sem hægt sé að fegra umhverfið og ásýnd bæja. Hann segir að almennt sé nú viðurkennt að stýrð, mjúk birta sé fallettri en sterkasta lýsing. Auk þess sé hún betri bæði fyrir fólk og dýr. Hann segir að sveitarfélögin hafi sýnt



Morgunblaðið/Jónas Erlendsson

Tækifæri Ferðaþjónustufyrirtæki í Rangárþingi vilja fá ferðamenn til að staldra við og njóta norðurljósa þar í stað þess að bruna til Reykjavíkur.

gerð ljósgæðastefnu mikinn áhuga en sú stefna gæti nýst sveitarfélaginu í framtíðinni við endurskoðun aðalskipulags.

„Það er ekki þannig að við ætlum að myrkva öll svæði. Bæir verða ekki beðnir um að slökkva öll ljós en kannski að þau verði dempuð eða stillt eftir hreyfiskynjurum. Með led-lýsingu er hægt að ráða birtustigi betur en áður og stýra tímasetningu. Í dag eru til dæmis bensínstöðvar og skólalóðir oft upplýstar allan sólarhringinn en ekkert mál væri að dempa þá lýsingu og jafnvel slökkva ef tilefni er til. Við höfum séð fjölmörg dæmi utan úr heimi af bæjum þar sem það sem fólk vill sýna er lýst upp, til dæmis kirkjur, en annað er dempað meira.“

Anton Kári Halldórsson, sveitarstjóri í Rangárþingi eystra, segir að þó ekki sé búið að taka erindi ferða-

þjónustuaðilanna fyrir í stjórnsýslu sveitarfélagsins búist hann fastlega fyrir að því verði vel tekið og unnið verði með það áfram. „Það eru mikil tækifæri í að fá fleiri ferðamenn hingað sem margir eru komnir til að upplifa myrkríð og norðurljósin. Við gætum ef til vill útbúið einhverja aðstöðu fyrir þá og hugað betur að öryggismálum. Á móti kæmu þá einhver tækifæri varðandi þjónustu og fleira.

Gagnast í skipulagsmálum

Almennt séð er þetta líka forvitnilegt því lýsing getur haft gríðarleg áhrif á okkur og við lýsum oft að öþörfu. Það getur verið áhugavert að horfa til lýsingar í skipulagi, til dæmis á nýjum íbúðahverfum. Sveitarfélög hafa almennt ekki kveikt á þessu held ég en það kann að vera jákvætt að hafa grófa stefnu í aðalskipulagi.“



Aðstæður og mögulegt útlit vindlunda Hrútmúlavirkjunar, úr skýrslu Eflu frá 2020 fyrir Gunnbjörn ehf. Mynd / Efla

Ekki á dagskrá að skipuleggja fleiri orkumannvirki

Engar virkjanir verða samþykktar á skipulag hjá Skeiða- og Gnúpverjahreppi fyrr en stjórnvöld setja lagalega umgerð um vindorku og skýra stefnu um staðarval.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps stendur föst á þeirri ákvörðun sinni frá því í fyrra að hætta skipulagningu á orkumannvirkjum, þar sem enginn ávinningur sé af slíku fyrir nærsamfélagið. Mikil umræða hefur skapast bæði á Alþingi og í þjóðfélaginu um að tryggja þurfi nærumhverfinu sanngjarnan ávinning af orkuframleiðslu.

„Þessi ákvörðun stendur óbreytt því þrátt fyrir mikla umræðu hefur ekkert breyst,“ segir Haraldur Þór Jónsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps. „Á meðan að lagaumgjörðin er eins og hún er, þá er ekki á dagskrá að setja frekari virkjanir í skipulagið hjá okkur.“

Hugmynd er meðal annars um vindorkugarð á jörðinni Skáldabúðum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Hrútmúlavirkjun, með allt að 25 vindmyllum og 85 MW framleiðslugetu. Hún er nú til umfjöllunar hjá verkefnastjórn rammaáætlunar og óafgreidd.

Boltinn hjá stjórnvöldum

Jörðin Skáldabúðir er í eigu fyrir-tækisins Gunnbjörns ehf. en wpd Ísland ehf., dótturfyrirtæki þýska orkufyrirtækisins wpd Group, hyggst reisa garðinn. Héldu þeir aðilar kynningu á fyrirhugaðri framkvæmd seint á síðasta ári í félagsheimilinu Árnasi. Ýmsir jarðeigendur í nágrenni Skáldabúða hafa mótmælt áformunum harðlega.

„Það sem er svo sérstakt í þessu öllu saman er að enn er ekki komin lagaumgjörð um vindorkuna,“ segir Haraldur. „Það liggur jú fyrir að vindorkuver yfir 10 MW falla undir rammaáætlun en það er ekki búið að marka stefnu í þessum málum. Okkur finnst sú staða sérstök að vera í dag með hátt í 50 vindorkukosti í umfjöllun í rammaáætlun en það liggur hvorki fyrir löggjöf né skýr stefna um staðarval. Ég held að enginn Íslendingur vilji að vindorkugarðar verði byggðir úti um allar koppagrundir, þá væri verið að

fórna mun meiri hagsmunum fyrir minni.“ Haraldur segir alla umræðu um hvort erlendir aðilar eigi að fá að byggja upp vindorkuver, til að fletja orkuna hugsanlega úr landi í formi t.d. rafeldsneytis, vera eftir.

„Svo sitjum við sveitarfélögin með afleiðingar þess að skipuleggja vindorkugarða gegn vilja íbúanna,“ heldur hann áfram. „Það eru jafnvel vindorkukostir í rammaáætlun sem hafa ekki verið kynntir fyrir viðkomandi sveitarfélagi, landeigendum eða nágrönnum. Við teljum að það verði að klára lagalega umgjörð og skýra stefnumörkun. Svo megi fara af stað. Við eigum síðan eftir að sjá hvort ný vindorkulög fara í gegnum þingið.“

Harður ágreiningur um Búrfellslund

Skeiða- og Gnúpverjahreppur hefur jafnframt staðið í ströngu vegna Búrfellslundar sem Landsvirkjun hyggst reisa. Sá vindorkugarður var afgreiddur í rammaáætlun 2015, með uppsett afl upp á 200 MW og mismunandi útfærslur. Í þeim eru vindmyllur bæði í Rangárþingi ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppi en ein útfærslan einungis í Rangárþingi ytra.

„Afstaða verkefnastjórnarinnar árið 2015 var sú að setja ætti Búrfellslund í biðflokk, síðan endurvann Landsvirkjun vindorkugarðinn og hann var minnkaður niður í 120 MW og að tillögu Landsvirkjunar einungis inni í Rangárþingi ytra,“ útskýrir Haraldur.

„Þrátt fyrir það var afgreiðsla verkefnastjórnar rammaáætlunar árið 2020 sú, að sökum þess hversu mikið vægi ferðabjónustu hefði aukist frá 2015 þá væri slíkt vægi ferðabjónustu og útivistar einfaldlega verðmætara fyrir svæðið og því ætti Búrfellslundur að vera í biðflokki,“ segir hann.

Alþingi breytti þeirri ákvörðun árið 2022. „Við höfum mótmælt þeirri ákvörðun og fórum fram á frestun á því að innleiða skipulag. Staðreyndin er sú að prikin fara bara ofan í jörðina í Rangárþingi ytra en þrátt fyrir að bæði í umhverfismatinu og álitum Skipulagsstofnunar komi skýrt fram að framkvæmdasvæði Búrfellslundar

sé í báðum sveitarfélögum, þá hefur ekkert samtal átt sér stað við okkur í þessu og það er raunverulega verið að keyra Búrfellslund áfram án okkar aðkomu. Þrátt fyrir að áhrifasvæðið sé að fullu í okkar sveitarfélagi. Við höfum veitt umsagnir í gegnum allt ferlið fram að þessu og teljum að ekki sé löglegt að veita heimild til Búrfellslundar þar sem hann er ekki inni í skipulagi hjá okkur,“ segir hann.

Þannig sé ágreiningur uppi um skipulagslögin og það hvort reisa megi vindmyllur á sveitarfélagamörkum án samþykkis sveitarfélagsins við hliðina.

Munu kæra virkjanaleyfi

Rangárþing ytra hefur samþykkt Búrfellslund í sitt skipulag og Landsvirkjun er búin að sækja um virkjanaleyfi til Orkustofnunar. Um það hvað Haraldur telur að gerist í framhaldinu segir hann að nú velti á Orkustofnun hvort gefið verði út virkjanaleyfi.

„Gefi Orkustofnun út virkjanaleyfi geri ég ráð fyrir að við munum kæra það leyfi til úrskurðarnefndarinnar. Einfaldlega vegna þess að áhrifasvæðið er sannarlega inni í okkar sveitarfélagi líka, við teljum að ekki sé heimilt að byggja Búrfellslund fyrr en hann er kominn inn í skipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Þá reynir á hvort stjórnvöldum sé heimilt að fara gegn vilja sveitarfélaganna sem eru á áhrifasvæði vindlundarins en þó ekki með prikið ofan í jörðinni,“ segir Haraldur.

Til meðferðar hjá Skipulagsstofnun er nú breyting á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. „Með breytingunni verður mörkuð stefna um áhrifasvæði fyrirhugaðs Búrfellslundar innan Skeiða- og Gnúpverjahrepps og sett inn nýtt afþreyingar- og ferðamannasvæði austan við Sultartangstöð og skammt vestan Þjórsár. ... Stefna vegna áhrifasvæðis Búrfellslundar verður á þá leið að öll neikvæð umhverfisáhrif sem kunna að verða vegna fyrirhugaðs Búrfellslundar og geta skert möguleika til landnýtingar innan Skeiða- og Gnúpverjahrepps eru óheimil innan marka sveitarfélagsins,“ segir í lýsingunni. /sá



Morgunblaðið, 13.06.2024, síðu 8.
grein stærð: 144.07 sm²
grein hæð: 6.98 sm

Höfnuðu beiðni um sameiningu

- Ásahreppur á biðilsbuxum en fékk nei
- Meirihluti íbúa í Ásahreppi þó á móti

Höskuldur Daði Magnússon
hdm@mbl.is

Sveitarstjórn Rangárþings ytra hefur hafnað beiðni frá hreppsnefnd Ásahrepps um að hefja formlegar viðræður um sameiningu sveitarfélaganna. Ásahreppur sendi nýverið erindi til bæði Rangárþings ytra og Rangárþings eystra þessa efnis.

Á fundi sveitarstjórnar Rangárþings

ytra í gær samþykktu fimm fulltrúar af sjö að hafna erindi Ásahrepps. Í bókun Á-listans sem er í meirihluta er rífað upp að íbúar Ásahrepps hafi hafnað sameiningu fimm sveitarfélaga á Suðurlandi með miklum meirihluta árið 2021. Skoðanakönnun sem gerð var í Ásahreppi samhliða nýafstöðnum forsetakönnunum sýni að 56% þeirra sem tóku afstöðu séu ekki hlynnt sameiningu. Það sé að mati



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Hella Sveitarstjórnin hafði ekki áhuga á að sameinast Ásahreppi.

sveitarstjórnarfulltrúanna ekki gott veganesti inn í sameingarviðræður auk þess sem Rangárþing ytra standi vel og því sé ekkert sem þrýsti á að hefja slíkar viðræður yfirhöfuð. Tveir fulltrúar Sjálfstæðisflokksins gátu þess í bókun að eðlilegra hefði verið ef íbúum hefði verið gefinn kostur á að kjósa um þennan sameiningarkost.

Ekki náðist í Anton Kára Halldórsson, sveitarstjóra Rangárþings eystra, í gær en sveitarstjórnin þar hefur ekki tekið umrædda beiðni fyrir. Búast má við að það verði gert á fundi hennar í dag.



Morgunblaðið, 15.06.2024, síðu 20.
grein stærð: 45.98 sm²
grein hæð: 8.79 sm

Rangárþinginn ekki til í sameiningu

Nú liggur fyrir að hvorki Rangárþing ytra né Rangárþing eystra eru reiðubúin í sameiningarviðræður með Ásahreppi, líkt og hreppurinn hafði formlega óskað eftir. Sveitarstjórn Rangárþings eystra tók málið fyrir sl. fimmtudag og samþykkti með sjö samhljóða atkvæðum að hafna erindinu. Vísað var til þess að Rangárþing ytra hefði hafnað erindi Ásahrepps og þar með var talið að forsendur málsins væru brostnar. Líkt og fram kom í Morgunblaðinu sl. fimmtudag var gerð könnun í Ásahreppi samhliða forsetakosningum og voru 56% íbúa á móti sameiningu við nágrannasveitarfélögin í Rangárvallasýslu. Var það ekki talið gott veginesti í samrunaviðræður.



Íbúakönnun landshlutanna 2023 – afstaða íbúa til búsetuskilyrða

Heildareinkunn íbúa skv. könnun

Heimild: DEIGLAN

| Röð | Landshluti | Einkunn |
|-----|----------------------------|---------|
| 1 | Eyjafjörður | 7,2 |
| 2 | Skagafjarðarsýsla | 6,9 |
| 3 | Akureyri | 6,8 |
| 4 | Vestmannaeyjabær | 6,4 |
| 5 | Hérað og N-Múlasýsla | 6,4 |
| 6 | Snæfellsnes | 6,2 |
| 7 | Akranes og Hvalfjörður | 6,1 |
| 8 | Grindavíkurbær | 6,1 |
| 9 | Pingeyjarsýsla | 6,0 |
| 10 | Rangárvallasýsla | 6,0 |
| 11 | N-Vestfirðir | 5,7 |
| 12 | Höfuðborgarsvæðið | 5,5 |
| 13 | V-Húnavatnssýsla | 5,4 |
| 14 | Fjarðabyggð og Suðurfirðir | 5,1 |
| 15 | Dalir | 5,0 |
| 16 | Borgarfjarðarsvæði | 4,9 |
| 17 | Suðurnesjabær | 4,9 |
| 18 | Árnessýsla | 4,8 |



| Röð | Landshluti | Einkunn | Röð | Landshluti | Einkunn |
|-----|----------------------|---------|-----|-----------------------|---------|
| 19 | Reykjanesbær | 4,5 | 22 | A-Húnavatnssýsla | 4,1 |
| 20 | Sveitarfélagið Vogar | 4,4 | 23 | Skaftafellssýslur | 3,9 |
| 21 | S-Vestfirðir | 4,3 | 24 | Strandir og Reykhólar | 3,8 |

Skagfirðingar allra hamingjusamastir

● Niðurstöður úr íbúakönnun landshlutanna liggja fyrir

Guðrún Sigríður Sæmundsen
gss@mbl.is

Niðurstöður úr íbúakönnun landshlutanna fyrir árið 2023 hafa verið birtar. Samkvæmt könnuninni, sem framkvæmd er á fjögurra ára fresti, eru íbúar í Skagafirði hamingjusamastir landsmanna. Þegar fleiri þættir voru skoðaðir kom Eyjafjörður einna best út og Skagafjörður þar fast á eftir í öðru sæti.

Markmið könnunarinnar er að kanna hug íbúa til búsetuskilyrða, aðstæðna á vinnumarkaði og afstöðu til mikilvægra atriða, s.s. hamingju og hvort íbúar séu á förum frá landshlutanum. Vífill Karlsson,

Ph.D. í hagfræði hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV), hafði yfirumsjón með framkvæmdinni en naut aðstoðar frá Hrafnhildi Tryggvadóttur, ráðgjafa SSV, við úrvinnslu gagna.

Dalabyggð hækkaði mest milli kannana en heildareinkunn Vestmannaeyja lækkaði mest frá árinu 2020 og virðist þar muna breytingum á milli kannana á þáttum eins og rafmagni, leiguíbúðum og almenningsamgöngum. Hins vegar voru íbúar í Vestmannaeyjum ánægðastir með þjónustu síns sveitarfélags þegar spurt var almennt.

Aðspurður segir Vífill að oft séu skýringar á breytingum milli ára

borðleggjandi en stundum ekki. Könnunin vekur stjórnendur sveitarfélaga víða um land til umhugsunar.

Ungt fólk á aldrinum 18-34 ára er sérstaklega aðgreint í svörum, en sá hópur er áhugaverður mælikvarði í byggðafræðum, að sögn Vífils, í honum felist ljóslega framtíð byggðarlaganna.

Yfirleitt er ekki mikill munur á svörum karla og kvenna en það sem vekur athygli hjá umsjónarmönnum könnunarinnar er hve ánægðari konur virðast í Húnaþingi vestra, nú sem og í síðustu könnun.

Hægt er að rýna í helstu niðurstöður úr könnuninni á vef Bygðastofnunar.

Garðar Þorfinnsson, héraðsfulltrúi hjá Landi og skógi – 50 ára

Útivistarmaður í leik og starfi

Garðar Þorfinnsson er fæddur 3. júlí 1974 á Spóastöðum í Biskupstungum og ólst þar upp. „Á hlaðinu á Spóastöðum á æskuárunum bjuggu einnig amma og afi og voru það mikil forréttindi. Í minningunni gat ég alltaf gengið að nýjum kleinum hjá ömmu og var það mikill kostur fyrir ungan dreng. Ég bý í dag á Helli ásamt konu og tveimur börnum á fallegum stað við bakka Ytri-Rangár og er stutt fyrir börnin að fara í sveitina til ömmu og afa sem ég met mikils.

Ég vann öll hefðbundin sveitastörf á Spóastöðum öll unglingsárin, sem fólst m.a. í umhirðu við búpening, gróðursetningu á trjám í skógrækt foreldranna, vinna í gróðurhúsi og almenn vinna á dráttarvélum.“

Garðar gekk í grunnskóla í Reykholti í Biskupstungum, nú Bláskógabyggð. Hann var stúdent frá Fjölbautaskóla Suðurlands á Selfossi 1994, búfræðingur frá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri 1997 og búfræðikandidat frá sama skóla árið 2001.

Hann hóf störf hjá Landgræðslunni árið 1997 og hefur starfað þar síðan, fyrst samhliða námi og vinnur þar enn í dag. „Ég hef komið að mörgum verkefnum hjá stofnuninni, en síðastliðin áramót voru Landgræðslan og Skógræktin sameinuð í eina stofnun, Land og skóg. Ég hef átt þess kost að kynnast fullt af fólki í gegnum starfið og jafnframt komist á marga áhugaverða staði á landinu.“

Garðar var virkur í Flugbjörgunarsveitinni á Helli í um 15 ár og þar af gjaldkeri í um 10 ár. „Þar sameinaðist áhugi minn á útivist og samskipti við fólk og starfa ég enn með sveitinni en þó minna en áður fyrr. Ég er einnig félagi í ferðafélagi Rangæinga og hef gaman af að sækja göngur í þeim félagsskap. Ég er einnig félagi í Landgræðslufélagi Biskupstungna og aðstoða þar við skipulagningu verkefna en þar samtvinnað áhugamál og vinnan. Að lokum er ég félagi í Skógræktarfélagi Rangæinga og hefur eitt af mínum hlutverkum þar verið að saga meðfram brautum til að bæta




Í Vestmannaeyjum Garðar í göngu hjá Ferðafélagi Rangæinga, sumardaginn fyrsta 2023.




Með börnunum Á góðri stund á Tenerife 2024.



Hjónin Klara og Garðar á pallinum við húsið á Helli.



Ætt Garðars Þorfinnssonar



aðgengi um skóga sem eru í umsjón félagsins.“

Meðan á grunnskólagöngu stóð var Garðar mjög liðtækur í frjálsum íþróttum og körfubolta. „Sá áhugi hefur svo þróast yfir í áhuga á útivist og alls konar hreyfingu, hvort sem það eru gönguferðir, þvælast um á reiðhjóli eða spenna gönguskíði á lappirnar á veturna. Fjölskyldan hefur svo gaman af því að fara til fjalla á sumrin og skoða náttúru landsins. Uppáhaldsstaðirnir eru Þórsmyrk, Fjallabak og hraunin austan við Bjölfell á Rangárvöllum. Fjölskyldunni finnst líka gaman að fara saman erlendis og svo hafa fótboltamót barnanna spilað stórt hlutverk í sumardagskránni undanfarin ár.“

Fjölskylda

Maki Garðars er Klara Viðarsdóttir frá Kaldbak á Rangárvöllum, f. 11.10. 1979, fjármálastjóri Rangár-

þings ytra. Þau eru búsett á Hellu í Rangárþingi ytra.

Foreldrar Klöru eru Viðar Hafsteinn Steinarsson, frá Árnagerði í Fljótshlíð, f. 11.2. 1957, og Sigríður Helga Heiðmundsdóttir, frá Kaldbak á Rangárvöllum, f. 2.3. 1961. Þau eru bændur á Kaldbak og búa við kindur, hesta, skógrækt og ferðaþjónustu.

Börn Garðars og Klöru eru Viðar Freyr Garðarsson, f. 11.12. 2011, og Helga Björk Garðarsdóttir, f. 12.6. 2014.

Bræður Garðars eru Ingvi Þorfinnsson, f. 10.10. 1971, bóndi á Spóastöðum í Biskupstungum, og Þórarinn Þorfinnsson, f. 2.9. 1969, bóndi á Spóastöðum.

Foreldrar Garðars eru Þorfinnur Þórarinnsson, frá Spóastöðum í Biskupstungum, f. 17.3. 1943, og Áslaug Jóhannesdóttir, frá Reykjavík, f. 13.9. 1945. Þau eru bændur og hafa búið alla sína búskapartíð á Spóastöðum.